

Reykjavík, 3. mars 2021
R19120168

2350
TIA

Íbúaráð Grafarvogs

Efni:

**Aðgengissögur og hugmyndir fyrir
aðgengisstefnu**

Nú er að störfum stýrihópur sem hefur það verkefni að móta heildstæða stefnu í aðgengismálum fyrir Reykjavíkurborg. Í tengslum við þessa vinnu hefur nú verið opnaður opinn samráðsvettvangur á betrireykjavik.is þar sem hægt er að senda inn hugmyndir fyrir aðgengisstefnuna. Einnig er þar hægt að senda inn aðgengissögur sem snúa að persónulegri reynslu af aðgengismálum í borginni. Svæðinu á Betri Reykjavík er skipt í þrjá flokka eftir því hvers konar hugmyndir eða sögur er um að ræða:

1. Aðgengi að borgarlandi
2. Aðgengi að upplýsingum og þjónustu
3. Aðgengi að byggingum

Íbúaráðin og einstakir fulltrúar þeirra eru hvattir til að senda inn sínar hugmyndir og aðgengissögur gegnum Betri Reykjavík sem og til þess að vekja athygli á verkefninu innan foreldrafélaga og íbúasamtaka í sínum hverfum. Með aðstoð íbúaráðanna gæti fengist mun betri mynd á hvar þurfi að gera betur í aðgengismálum í borginni sem væri afar gagnlegt við móton aðgengisstefnunnar.

Aðgerðaáætlun mun fylgja með aðgengisstefnunni og því eru allar ábendingar mikilvægar upp á forgangsröðun aðgerða í aðgengismálum.

Með kveðju

Tómas Ingi Adolffson

starfsmaður stýrihóps um aðgengisstefnu